

Nd.

207. Frumvarp til laga

[123. mál]

um breyting á lögum nr. 23 19. júní 1922, um sönnun fyrir dauða manna, sem ætla má að farist hafi af slysum.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Tryggvi Gunnarsson.

1. gr.

Í stað „liðnir eru 6 mánuðir“ í 1. gr. laganna komi: liðinn er einn mánuður.

2. gr.

Í stað „liðnir eru að minnsta kosti 6 mánuðir“ í 2. gr. laganna komi: liðinn er að minnsta kosti einn mánuður.

3. gr.

Í stað „6 mánuði“ í 3. gr. laganna komi: einn mánuð.

4. gr.

Ný grein, sem verður 4. gr. laganna, orðist svo:

Nú hverfur maður hér í landi án þess að vitað sé að hann hafi komist í lífs-  
háaska eða lent í þeim hættum, er ætla má að honum hafi grandað, og má þá fá  
úrskurð um, að hann skuli talinn látinn, ef ekkert hefur til hans spurst í þrjá mánuði.

5. gr.

Ný grein, sem verður 5. gr. laganna, orðist svo:

Nú hverfur maður af skipi eða flugfari í erlendri höfn eða á ferðalagi erlendis,  
og má þá fá úrskurð um að hann skuli talinn látinn, ef ekkert hefur til hans spurst  
í þrjá mánuði.

6. gr.

Töluröð annarra lagagreina breytist í samræmi við lög þessi.  
Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Mál þetta var flutt á 99. löggjafarþinginu, en varð þá eigi útrætt.

Með frv. þá fylgdi grg. sem hófst með þessum orðum:

„Á þeim fimmtíu og sex árum, sem liðin eru síðan lög þessi voru samþykkt á Alþingi, hafa tækniframfarir verið slíkar að ævintýri er líkast.

Á því sviði hefur þróun vél- og öryggisbúnaðar skipa í engu verið eftirbátur annarrar þróunar. Á sviði fjarskipta hefur hver tæknibyltingin rekið aðra og framfarir á fáum sviðum orðið jafnörar og í fjarskiptabúnaði.

Þegar lög þessi voru samþykkt voru hin smærri vélbúnu fiskiskip með litlar vélar og treystu menn enn á og nýttu seglbúnað þeirra.

Fjarskiptabúnaður var aðeins til í fáum hinna stærri skipa, hann var ófullkominn, stuttdrægur og bilaði oft. Sú var einnig raunin um búnað þennan á landi, sem notaður var í viðskiptum milli héraða og landa.

Ekki var óalgengt að vélbilanir yrðu í hafi nær og fjær, skip festust í ís dögum og jafnvel vikum saman, strönduðu og fórust, og útilokað var að koma frá sér upplýsingum um dvalarstað, um aðstæður eða afdrif áhafnar, nema seint og um síðir.

Hið sama gildi um ferðalög á landi. Menn lögðu upp ríðandi eða gangandi, í hópum eða einir sér. Þótt skýrt væri frá áætlunarstað gátu vikur eða mánuðir liðið þar til fréttir bárust af, hvort viðkomandi aðilar hefðu náð áfangastað. Átti þetta sérstaklega við, ef um langa vegu var farið, um fjallvegi, í önnur og fjarlæg héruð, þegar vetur fór í hönd og veður gerðust válynd . . . .“

Nánar í framsögu.